

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ)

haldinn í Þingborg miðvikudaginn 24. september 2025, kl. 16:00.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógabyggð
Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu
Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu

Fundargerðina ritaði Hulda Kristjánsdóttir
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Velferðarþjónusta

a. Fréttir af starfsemi velferðarþjónustu

Deildarstjóri velferðarþjónustu fór yfir helstu fréttir af starfsemi velferðarþjónustu.

Yfirlit yfir þróun starfsmannamála frá árinu 2023 og tölulegar upplýsingar og fréttir af starfseminni lagt fram.

Vantar félagsráðgjafa sem sinnir barnavernd og skoða þarf umsjón með heimaþjónustu.

Velferðarþjónustan finnur fyrir aukningu á fyrirspurnum um ferðarþjónustu aldraðra. Verið að rýna í heimaþjónustu og skipulag hennar en kostnaður við heimaþjónustu hefur aukist umtalsvert innan sveitarfélaganna undanfarið.

Deildarstjóra falið að setja upp drög að skýrum og samræmdum reglum um akstursþjónustu aldraðra og leggja fyrir fagnefnd.

Beiðnir til velferðarþjónustu vegna einstaklinga með ótilgreint lögheimili eru að aukast. Einnig hefur verið aukin krafa um að velferðarþjónustan haldi utan um endurhæfingarlífeyri.

Stjórn samþykkir samhljóða að starfsmenn í velferðarþjónustu SVÁ hafni því að; staðfesta lögheimilisskráningu þar sem er ótilgreint lögheimili, staðfesta að einstaklingar með ótilgreint lögheimili búi einir eða vinna að endurhæfingaráætlunum einstaklinga með ótilgreint lögheimili.

b. Undanþága um barnavernd og formlegt erindi á Ölfus og Hveragerði

Deildarstjóri hefur verið í samskiptum við ráðuneytið vegna undanþágunnar og hefur óskað eftir framlengingu. Tímalína um viðræður vegna sameiginlega barnaverndarþjónustu lögð fram til kynningar.

Deildarstjóri og formaður hafa sent formlegt erindi á bæjarstjórnir Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar skv. ákvörðun stjórnar. Erindi lagt fram til kynningar.

Skv. stofnsamningi er eðlilegt að deildarstjóri upplýsi fagnefnd um stöðuna vegna undanþágubeiðni og vegna erindis á Ölfus og Hveragerði þar sem fagnefndin fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu.

c. Kostnaðarskipting í málefnum fatlaðs fólks

Rætt um kostnaðarskiptingu í málefnum fatlaðs fólks en í stofnsamningi SVÁ er ákvæði til bráðabirgða þar sem kemur fram að stjórn skuli endurskoða 17. grein stofnsamningsins um kostnaðarskiptingu með áherslu á að skoða kostnað vegna málefna fatlaðs fólks og hvort taka þurfi betur tillit til þess kostnaðar við kostnaðarskiptingar milli aðildarsveitarfélaga.

Í dag er eitt stöðugildi sem sinnir málefnum fatlaðra fullorðinna og eitt stöðugildi sem sinnir málefnum fatlaðra barna. Skoða þarf betur utnumhald um liðveislu og hvar ábyrgð á því liggur.

Deildarstjóra falið að vinna nánar að tillögum um kostnaðarskiptingu og senda tillögur á aðal og varamenn á milli stjórnarfundum. Leggja þarf fram tillögu um breytingu á 17. grein stofnsamnings, varðandi kostnaðarskiptingu í málefnum fatlaðs fólks, fyrir aðalfund SVÁ til staðfestingar. Tillögur um breytingar á stofnsamningi þurfa að berast sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

d. Önnur mál

Rætt um ráðningarsamninga í liðveislu og ítrekað að nýja samninga skuli gera við hvert og eitt sveitarfélag en ekki á kennitölu Skóla- og velferðarþjónustu Arnspings bs.

2. Sameiginlegt

a. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu bs.

Formaður fór yfir samskipti við HSu og FSRE vegna húsnæðismála í Laugarási. Ljóst er að starfsemi heilsugæslunnar mun flytja úr Launrétt 4 í október.

Formaður leggur til að leigusamningi í Launrétt 6 verði sagt upp frá og með næstu mánaðarmótum og hefur FSRE fallist á að uppsagnarfrestur verði 3 mánuðir í stað 6 mánaða. Uppsögn á Launrétt 6 tæki þá gildi um áramót. Á móti föllumst við á að fara niður í 6 mánaða uppsagnarfrest í Launrétt 4. Nýr samningur verði gerður um 200 fermetra í Launrétt 4. Samningurinn verði tímabundinn til eins árs með möguleika á framlengingu og uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Leiga verði greidd fyrir þá 50 fermetra sem við notum í dag frá og með 1. október skv. nýjum leigutaxta sem reiknuð er skv. húsaleigumódeli sem ríkið notar, flokkur B3-5 og verður húsaleigan tengd vísitölu ágúst mánaðar. Leiga fyrir 200 fermetra verður greidd frá þeim degi sem skólalæknastofnun flyst yfir í húsið, eftir að HSu hefur flutt starfsemi sína. Komi til

sölu ríkisins á eigninni mun leigusamningur fylgja
sölunni og uppsagnarfrestur helst óbreyttur.

Stjórn samþykkir ofangreinda tillögu samhljóða og felur formanni að segja upp leigusamningi fyrir Launrétt 6 og ganga frá nýjum samningi um Launrétt 4.

b. Staða núverandi fjárhagsáætlunar

Deildarstjórar fóru yfir stöðu deildanna samanborið við fjárhagsáætlun 2025 fyrir fyrstu 8 mánuðina.

Það er svigrúm í áætluninni og stefnir ekki í að farið verið fram úr áætlun í deildunum.

Þarf að uppfæra tölvubúnað og mögulega annan búnað þegar skólaþjónustan færist yfir í Launrétt 4. Svigrúm í fjárhagsáætlun til innkaupa vegna flutningsins. *Stjórn er sammála um að verktakakostnaður sem fellur til vegna manneklu á að fara inn í kostnaðarskiptinguna en ekki á hvert sveitarfélag. Deildarstjórum falið að yfirfara hreyfingalista og færa á rétta staði ef við á.*

c. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2026

Rætt um helstu forsendur í fjárhagsáætlunargerð 2026. Laun og launatengd gjöld verði hækkuð um 3,5% á milli ára og aðrir liðir í áætlun hækki sömuleiðis um 3,5%. Samþykkt að áætlunin skiptist upp í deildirnar skólaþjónusta og velferðarþjónusta en ekki verði sér deild fyrir sameiginlegan kostnað.

Stjórn felur deildarstjórum að leggja fram endanlega fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfund sem veðurur svo lögð fram til staðfestingar á aðalfundi.

d. Skýrsla vegna úttektar

Úttektaraðilar skiluðu skýrslu vegna úttektar til formanns um miðjan september.

Frekari afgreiðslu frestað þar til lokaútgáfa skýrslu vegna úttektar liggur fyrir.

e. Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 13. október kl. 15:30.

Formanni falið að senda fundarboð.

f. Dagsetning aðalfundar 2025

Aðalfund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings skal halda eigi síðar en 15. október ár hver og skal rafrænt fundarboð berast með amk tveggja vikna fyrirvara.

Stjórn samþykkir að aðalfundur SVÁ verði haldinn 15. október kl. 16:00.

Formanni falið að senda út fundarboð og viðeigandi gögn.

g. Önnur mál

Farið yfir fjöldi mála í samþættingu. Skv. upplýsingum deildarstjóra er heildarfjöldi opinna mála í samþættri þjónustu í lok ágúst alls 22 og þar af er eitt mál sem vísað hefur verið til málstjóra farsældar á tímabilinu maí-ágúst 2025. Fjöldi nemendateyma í leik- og grunnskóla eru um 40 en inni í þeirri tölu eru samþætt mál. *Deildarstjórar munu greina betur fyrir næsta fund.*

Rætt um ótilgreint lögheimili í sveitarfélögum innan byggðasamlagsins.

Stjórn samþykkir samhljóða að veita starfsmönnum byggðasamlagsins ekki heimild til að skipuleggja eða veita þjónustu til aðila sem eru með ótilgreint lögheimili. Forsendur fyrir þjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs er skráning lögheimilis í íbúðarhúsnæði.

3. Skólaþjónusta

a. Fréttir af starfsemi skólaþjónustu

Deildarstjóri skólaþjónustu fór yfir helstu fréttir af starfsemi skólaþjónustu.

Búið er að ráða sálfræðing í 100% stöðu. Verktaki heldur áfram til að byrja með. Biðlistar vegna greininga hjá sálfræðingi og talmeinafræðingi hafa styst á undanförunum mánuðum.

Deildarstjóri fór yfir ýmis verkefni MMS og sérstaklega verkefni sem nefnist Heillaspor. Deildarstjóri hyggst kynna það verkefni nánar fyrir sveitarfélögum og skólum aðildarsveitarfélaga.

b. Náms- og starfsráðgjöf

Deildarstjóri fór yfir skipulag náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum á svæðinu.

Stjórn samþykkir að hvert og eitt sveitarfélag kanni afstöðu sinna skólastjórnenda til skipulags náms- og starfsráðgjafar.

c. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40